

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, föstudaginn 28. mars 2008, í máli nr. S-349/2008:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson fulltrúi)

gegn

Pavel Piotr Dyrge

(Jón Höskuldsson hrl.)

Ár 2008, föstudaginn 28. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni, héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 349/2008: Ákærvaldið (Karl Ingi Vilbergsson) gegn Pavel Piotr Dyrge (Jón Höskuldsson hrl.), sem tekið var til dóms í sama þinghaldi.

Málið er höfðað með ákæru Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 13. mars sl. á hendur ákærða, Pavel Piotr Dyrge, pólskum ríkisborgara, fd. 9. apríl 1975, með lögheimili í Póllandi, dvst. Hjálpræðishernum, Kirkjustræti 2, Reykjavík, „fyrir þjófnað, með því að hafa að morgni sunnudagsins 24. febrúar 2008, brotist inn í skartgripaverslun Hermanns Jónssonar að Veltusundi 3 í Reykjavík, með því að brjóta rúðu í versluninni með slaghamri og stolið þaðan 9 demantshringum, þremur pörum af demantseyrnalökkum og tveimur demantsarmböndum, samtals að verðmæti kr. 15.290.000.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Málavextir

Ákærði hefur skýlaust játað það brot sem hann er saksóttur fyrir. Hefur hann orðið sekur um athæfi það sem lýst er í ákærinni og réttilega er þar fært til refsíákvæðis. Brot ákærða er verulegt og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Rétt er að fresta því að framkvæma 9 mánuði af refsingu þessari og ákveða að sá hluti hennar falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Dæma ber ákærða til þess að greiða verjanda sínum, Jóni Höskuldssyni hrl., 50.000 krónur í málsvarnarlaun, sem dæmast með virðisaukaskatti.

DÓMSORÐ:

Ákærði, Pavel Piotr Dyrge, sæti fangelsi í tólf mánuði. Framkvæmd níu mánaða af refsingunni er frestað og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum haldi ákærði almennt skilorð.

Frá refsingunni dregst fjögurra daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákærði greiði verjanda sínum, Jóni Höskuldssyni hæstaréttarlögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlaun.

Pétur Guðgeirsson.